



**146. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
föstudaginn, 9. desember, 2005, kl. 12:15.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Bréf frá sjávarútvegsráðuneytinu, dags. 5. desember.

Jóhanna G. Jónasdóttir vék af fundi vegna skyldleika við málið við afgreiðslu þessa liðar. Bréfið var til umræðu á fundi bæjarráðs þann 7. desember sl. Bæjarstjóri lagði fram drög að svarbréfi til ráðuneytisins. Bæjarráð staðfestir bréfið.

2. Önnur mál.

- a. *Hluthafafundur Tækifæris hf. verður haldinn 14. desember nk. Lagt fram til kynningar.*
- b. *Jóhanna G. Jónasdóttir kynnti að undirbúningur væri vel á veg kominn með að koma upp nýrri deild fyrir börn frá 6 mánaða aldri að Húnabraut 6. Deildin verður opnuð 4. janúar 2006 og gert er ráð fyrir að 8 börn séu að jafnaði í vistun þar.*
- c. *Lagður fram undirritaður stofnsamningur um Norðursorp bs. sem undirritaður var á fundi 5. desember sl. af fulltrúum tíu sveitarfélaga í A-Húnavatnssýslu og Skagafirði. Á fundinum var jafnframt kosin 3ja manna stjórn byggðasamlagsins í henni sitja:*
 - *Bjarni Maronsson, sveitarfélaginu Skagafirði*
 - *Gunnar Bragi Sveinsson, sveitarfélaginu Skagafirði*
 - *Magnús B. Jónsson, Austur-Húnavatnssýslu*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:40.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)